

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. ágúst 2022
Málsnúmer: 202207-0030
LA/SS

Efni: Umsögn um umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita að Krossholtum á Barðaströnd.

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 14. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Vesturbyggðar um nýtingarleyfi á jarðhita að Krossholtum á Barðaströnd.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með umsókninni. Óskað er eftir áframhaldandi nýtingarleyfi til næstu 40 ára. Nýtingin er að meðaltali um 4 l/s á ári og er fyrst og fremst fyrir húshitun og sundlaug. Ekki er gert ráð fyrir nýjum borholum en tvær hafa verið í notkun frá 1977.

Ekki virðist því um aukningu á jarðhitanýtingu umfram þá hámarksnýtingu sem kerfið getur gefið af sér í dag. Hins vegar kemur fram í umsókn að “*Breyting gæti mögulega haft í för með takmörkun á nýtingu annarra vegna takm. vatnsmagns*” án þess að það sé útskýrt frekar. Í fylgigögnum eru hins vegar deiliskipulagsteikningar sem sýna nýjar byggingarlóðir vestan við ána Móru sem líklega kalla á frekari nýtingu.

Ekki virðist hætta á frekara raski á landi Krossholts í kringum nýtingu jarðhitans. Hins vegar er jarðhiti takmörkuð auðlind og mætti fylgja með umsókninni frekari upplýsingar s.s. nýlegar rennslismælingar, upplýsingar um niðurdrátt í borholum í tengslum við nýtingu og áætlun um aukna jarðhitanýtingu næstu árin s.s. í tengslum við nýjar byggingar. Eins og staðan er í dag virðist kerfið ráða vel við núverandi jarðhitanýtingu (0,24 l/s samkvæmt útreikningum í umsókn um áætlaða orkuþörf) en útskýra mætti betur hvað sé átt við með breytingu á nýtingu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs.

